

Þjónustuvæði Vesturlands  
málefni fatlaðra bs.

Ársreikningur 2016

Þjónustuvæði Vesturlands, málefni fatlaðra bs.  
Bjarnabraut 8  
310 Borgarbyggð

kt. 681210-0160

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið heitir Þjónustusvæði Vesturlands, málefni fatlaðra. Þann 1. janúar 2011 færðist ábyrgð á þjónustu við fatlað fólk, samkvæmt ákvæðum laga nr. 59/1992, frá ríki til sveitarfélaga. Samkvæmt framangreindum lögum skal landinu skipt í þjónustusvæði þannig að á hverju þjónustusvæði séu að lágmarki 8.000 íbúar.

Þau sveitarfélög sem mynda þjónustusvæði bera sameiginlega ábyrgð á veitingu og fjármögnum þjónustu innan þess. Eftirtalin sveitarfélög mynda þjónustusvæði Vesturlands bs, málefni fatlaðra: Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Skorradalshreppur, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær.

Samningur um þjónustusvæði Vesturlands um málefni fatlaðra er runnin út og hófst endurskoðun á samstarfinu árið 2016. Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit sendu formlegt erindi til Velferðarráðuneytisins sumarið 2016 og óskuðu eftir því að verða skilgreint sem sérstakt þjónustusvæði. Sveitarfélögin á Vesturlandi fengu erindið til umsagnar og hafa þau veitt sín umsögn, en ráðuneytið hefur ekki tekið ákvörðun um hvort þau heimili að Vesturlandi verði skipt upp í fleiri þjónustusvæði. Vænta má svara við erindinu á árinu 2017.

Rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um samtals 2,4 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé nam 6,3 millj. kr. í árslok.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Borgarnesi, 24. mars 2017.

Stjórn:

Alma S. Snaresdóttir  
Katrín Guðars  
Katrín Óskarsdóttir  
Dagur Guðjónsson  
Haldis Bjarnadóttir  
Guðrún S. Guðmundsdóttir  
Guðrún S. Guðmundsdóttir  
Þorsteinnur Hilmarsson

Framkvæmdastjóri:

Þórunn S. Brynjarsdóttir

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Þjónustuvæðis Vesturlands, málefni fatlaðra fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2016 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við töljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að vlkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnesi, 24. mars 2017.

**KPMG ehf.**



## Rekstrarreikningur árið 2016

	Skýr.	2016	2015
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Framlög jöfnunarsjóðs og ríkis .....		517.438.492	416.437.986
Framlög sveitarfélaga .....	3	73.289.640	64.962.258
		590.728.132	481.400.244
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Rekstrarframlög til þjónustusvæða .....	4	587.140.866	478.398.391
Sameiginlegur kostnaður .....		1.619.272	1.460.275
		588.760.138	479.858.666
<b>Rekstrarafkoma</b> .....		1.967.994	1.541.578
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>			
Vaxtatekjur .....		514.515	226.489
Fjármagnstekjuskattur .....		( 102.902)	( 45.297)
Vaxtagjöld og bankakostnaður .....		( 2.480)	( 3.370)
		409.133	177.822
<b>Rekstrarafkoma ársins</b> .....	2	2.377.127	1.719.400

## Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	2016	2015
<b>Veltufjármunir</b>			
Óinnheimt framlög .....		65.448.818	33.759.159
Aðrar skammtímakröfur .....		14.569	13.837
Kröfur á tengda aðila .....	5	3.827.472	996.121
Handbært fé .....		25.174.921	53.551.112
Veltufjármunir samtals		<u>94.465.780</u>	<u>88.320.229</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>94.465.780</u>	<u>88.320.229</u>
<b>Óráðstafað rekstrarframlag</b>			
Óráðstöfuð framlög .....		6.346.591	3.969.464
Óráðstöfuð framlög samtals	2	<u>6.346.591</u>	<u>3.969.464</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuld við tengda aðila .....	5	86.768.844	83.708.295
Aðrar skammtímaskuldir .....		1.350.345	642.470
Skammtímaskuldir samtals		<u>88.119.189</u>	<u>84.350.765</u>
Skuldir samtals		<u>88.119.189</u>	<u>84.350.765</u>
<b>Óráðstöfuð framlög og skuldir samtals</b>		<u>94.465.780</u>	<u>88.320.229</u>

## Sjóðstreymisýfirlit árið 2016

	Skýr.	2016	2015
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarafkoma ársins .....	2	2.377.127	1.719.400
Veltufé frá rekstri		<u>2.377.127</u>	<u>1.719.400</u>
Breytingar rekstartengda eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, (hækkun) .....	(	34.521.742)	( 15.026.833)
Skammtímaskuldir, hækkun .....		3.768.424	57.920.082
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda	(	<u>30.753.318)</u>	<u>42.893.249</u>
Handbært fé (til) frá rekstri	(	<u>28.376.191)</u>	<u>44.612.649</u>
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé .....</b>	(	<u>28.376.191)</u>	<u>44.612.649</u>
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		<u>53.551.112</u>	<u>8.938.463</u>
<b>Handbært fé í lok ársins .....</b>		<u><u>25.174.921</u></u>	<u><u>53.551.112</u></u>



# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

## b. Innlaun tekna

Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær eru innleystar. Tekjur þjónustuvæðis Vesturlands eru samkvæmt samningi sveitarfélaga á starfssvæðinu og eru annars vegar ákveðið hlutfall af útsvarstekjum aðildarsveitarfélaga og hins vegar framlög Jöfnunarsjóðs.

## 2. Óráðstafað rekstrarframlag

Yfirlit um óráðstafað rekstrarframlag:

	2016	2015
Staðan 1.1. ....	3.969.464	2.250.064
Afkoma ársins .....	2.377.127	1.719.400
Staða 31.12. ....	6.346.591	3.969.464

## 3. Framlög sveitarfélaga

Framlög sveitarfélaga greinast með eftirfarandi hætti:

Akraneskaupstaður .....	32.961.456	29.746.640
Borgarbyggð .....	14.748.275	13.392.480
Snæfellsbær .....	9.001.995	8.104.689
Stykkishólmsbær .....	5.961.691	3.851.407
Grundarfjarðarbær .....	4.290.079	4.087.580
Hvalfjarðarsveit .....	2.839.144	2.678.476
Dalabyggð .....	2.407.552	2.193.661
Eyja- og Miklaholtshreppur .....	688.840	500.870
Skorradalshreppur .....	208.536	211.821
Helgafellssveit .....	182.072	194.634
	73.289.640	64.962.258

## 4. Rekstrarframlög

	Akranes- kaupstaður	Borgar- byggð	Snæfells- nes	Samtals 2016	Samtals 2015
Rekstrarframlög .....	365.432.000	151.681.000	48.728.000	565.841.000	463.250.885
Framl. Jöfn.sj. v. lengdrar viðv. ....	3.983.753	642.540	1.156.573	5.782.866	8.009.250
Framl. v/NPA samnings .....	8.750.000	6.767.000	0	15.517.000	7.138.256
	378.165.753	159.090.540	49.884.573	587.140.866	478.398.391

Rekstrarframlög til þjónustuvæða byggja á samþykktum úthlutunarreglum þjónustuvæðisins. Framlögum er skipt annars vegar eftir SIS mati þeirra einstaklinga sem þiggja þjónustuna og hins vegar eftir reiknireglu sem ætlað er að mæta kostnaði vegna þjónustuþarfar þeirra sem Jöfnunarsjóður greiðir ekki vegna og grunnkostnaði málaflöksins.

## Skýringar, frh.:

### 5. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í stjórn Samstaka sveitarfélaga á vesturlandi auk stjórnarmanna þjónusturáðs þjónustusvæðis Vesturlands eru skilgreindir sem tengdir aðilar þjónustusvæðis Vesturlands. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila. Aðildarsveitarfélög teljast auk þess til tengdra aðila.

Samtökin hafa átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti samtakanna við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Getið er um framlög til reksturs þjónustusvæða í skýringu fjögur en tengdir aðilar koma að rekstri þeirra.

Kröfur á tengda aðila greinast með eftirfarandi hætti í árslok:	2016	2015
Skorradalshreppur .....	303.989	72.690
Hvalfjarðarsveit .....	705.640	442.752
Grundarfjarðarbær .....	722.125	129.076
Helgafellssveit .....	159.309	0
Stykkishólmsbær .....	1.028.132	0
Eyja- og Miklaholtshreppur .....	183.078	200.150
Snæfellsbær .....	725.199	96.830
Dalabyggð .....	0	54.623
	<u>3.827.472</u>	<u>996.121</u>
Skuldir við tengda aðila greinast með eftirfarandi hætti í árslok:		
Akraneskaupstaður .....	50.264.291	48.293.156
Borgarbyggð .....	25.074.700	23.315.685
Dalabyggð .....	201.853	0
Stykkishólmsbær .....	0	239.283
Félags- og skólapiónusta Snæfellinga .....	11.228.000	11.860.171
	<u>86.768.844</u>	<u>83.708.295</u>

## Sundurliðanir

---

	2016	2015
<b>Sameiginlegur kostnaður</b>		
Fargjöld, dvalar- og fundarkostnaður .....	0	9.400
Aðkeypt sérfræðiþjónusta .....	1.104.950	850.875
Þátttaka í rekstrarkostnaði .....	500.000	600.000
Auglýsingar .....	14.322	0
	<u>1.619.272</u>	<u>1.460.275</u>